

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Selhrauns norður, vegna lóðarinnar Selhelli 11.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 1. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi Selhrauns norður. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér tilfærslu á innkeyrslu, stækkun byggingarreits og fækkun bílastæða. Breytingartillagan var grenndarkynnt, engar athugasemdir bárust. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. október 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner, verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 20. október 2023